



Mynd: Markaðsstofa Norðurlands

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR GLÆÐUM GRÍMSEY 2021 - 2022

Glæðum Grímsey er eitt af verkefnum sem heyra undir Byggðastofnun með vinnuheitinu Brothættar byggðir. Veittir eru verkefnastyrkir og stuðningur á vegum Brothættra byggða til þróunarverkefna og annarra samfélagsefandi verkefna á þeim svæðum sem taka þátt. Hvert þátttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa. Verkefnisstjórn úthlutar fjármununum. Fjármagni er einungis úthlutað til verkefna er styðja framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins í viðkomandi byggðarlagi.

- Traustur atvinnuvegur
- Samheldið samfélag
- Einstakur staður

Grímsey er vel hirt og falleg eyja í einstöku umhverfi út við ysta haf. Samfélagið þar byggir á traustum grunni í sjávarútvegi og ferðapjónusta er vaxandi atvinnugrein. Grímsey er vel tengd við fastalandið með flug- og ferjuferðum sem henta íbúum og atvinnustarfsemi í eyinni, auk þess sem nútíma fjarskipti hafa gefið fólki ný tækifæri við val á búsetu. Grímsey er fallett og gott samfélag þar sem samheldni, kraftur og virðing fyrir náttúrunni eru aðalsmerkin.

VERKEFNISSTJÓRN OG ÚTHLUTUN

Í verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja tveir fulltrúar frá sveitarfélagi, tveir frá Byggðastofnun, tveir frá íbúum og einn frá SSNE. Með stjórn starfar verkefnisstjóri í 50% starfi. Hann er með starfsaðstöðu á skrifstofu SSNE á Akureyri, en sækir Grímsey reglulega heim, eða eins og fjárheimild gefur tilefni til. Frá haustinu 2021 fundar verkefnisstjórn á mánaðarfresti.

Í núverandi verkefnisstjórn Glæðum Grímsey sitja eftirfarandi aðilar:

- Halla Björk Reynisdóttir, fulltrúi Akureyrarbæjar, formaður verkefnisstjórnar.
- Gunnar Gíslason, fulltrúi Akureyrarbæjar.
- Kristján Þ. Halldórsson, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Helga Harðardóttir, sérfræðingur hjá Byggðastofnun.
- Karen Nótt Halldórsdóttir, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Jóhannes Henningsson, fulltrúi íbúa í Grímsey.
- Anna Lind Björnsdóttir, verkefnisstjóri hjá SSNE.
- Arna Björg Bjarnadóttir, verkefnisstjóri Glæðum Grímsey frá ágúst 2021.

Haustið 2021 var auglýst eftir umsóknum í Frumkvæðissjóð Brothættra byggða í byggðapróunarverkefninu GLG, með umsóknarfresti 24. nóvember 2021.

Í Frumkvæðissjóðinn bárust 12 umsóknir. Heildarkostnaður við verkefnin er alls um 55.5 m.kr. Sótt var um styrki að upphæð alls 23.3 m.kr. Samtals voru 16.430.000 kr. til úthlutunar. Um var að ræða tvöfalda fjárhæð til úthlutunar, þ.e. fyrir úthlutunarárin 2021 og 2022, auk fjármagns sem kom til endurúthlutunar. Þetta markast af því að árið 2021 var ekki úthlutað úr Frumkvæðissjóðunum í Grímsey. Þetta er síðasta úthlutun úr sjóðnum í verkefninu GLG, en verkefninu lýkur í lok árs 2022.

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS GLÆÐUM GRÍMSEY 2021 - 2022



VERKEFNI - PHOTOGRAPHING GRÍMSEY

UMSÆKJANDI: EINAR GUÐMANN

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Markmiðið er að framleiða þrjá þætti á ensku sem vekja sérstaka athygli á Grímsey sem áfangastað fyrir landslags- og náttúrljósmyndara. Þættirnir verða birtir á rásinni PhotographingIceland á YouTube. Markmiðið er að ná áhorfi sem laðar sérstaklega erlenda ljósmyndara og áhrifavalda til Grímseyjar.

VERKEFNI - VÖRULÍNA FYRIR GRÍMSEY

UMSÆKJANDI: GYÐA HENNINGSDÓTTIR

UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Verkefnið felst í að þróa enn frekar vörulínu minjagripa og ljósmynda sem draga fram einkenni og sérstöðu Grímseyjar. Ætlunin er að framleiða gjafakort, ljósmyndir tilbúnar til innrömmunnar í kartoni og sérstæða minjagripa sem eiga það sameiginlegt að byggjast á ljósmyndum teknum í eyjunni. Ljósmyndirnar hafa þá sérstöðu að vera ekki fjöldaframleiddar. Meginmarkmið verkefnisins er að auka vöruúrval og hanna og þróa vörulínuna enn frekar í þá átt að draga fram einstaka náttúru eyjunnar.

VERKEFNI - GÓLFEFNASKIPTI

UMSÆKJANDI: BÁSAVÍK EHF

UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR

Á gistiheimilinu Básum er allt gólfefni ónýtt. Markmiðið er að skipta út öllu gólfefni. Metnaður gistiheimilisins Bása er að skapa góða upplifun gesta með von um að þeir segi öðrum frá ánægjulegri dvöl og heimsæki Grímsey á ný. Gistiheimilin í Grímsey skipa lykilhlutverk í ferðaþjónustu eyjarinnar og því mikilvægt að viðhalda þeim eins vel og kostur er.

VERKEFNI - MENNTABÚÐIR VIÐ HEIMSKAUTSBAUG

UMSÆKJANDI: HALLGERÐUR GUNNARSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 1.000.000 KR

Markmiðið er að fjölga verulega fjölbreyttum hóp fólks til Grímseyjar til að njóta náttúru og samfélagsins í gegnum fjölbreytt námskeið sem boðið verður upp á. Markmiðið er að byrja smátt og bjóða upp á námskeið á sviði menntunar og lista í falletgri náttúru og í tengingu við hana. Um er að ræða þróunarverkefni.

VERKEFNI - BÆTT ÞJÓNUSTA VIÐ FERÐAMENN Í GRÍMSEY

UMSÆKJANDI: MUNINN EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 2.800.000 KR

Markmið verkefnis er að auka og bæta framboð afþreyingar við ferðamenn í Grímsey. Í því felst frekari fjárfesting, vörupróun og markaðssetning á veitingavagni og sæpotuleigu.

VERKEFNI - ORKUSKIPTI Í GRÍMSEY – UPPLÝSINGAR OG FRÆÐSLA

UMSÆKJANDI: VISTORKA EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Markmið verkefnis er að miðla upplýsingum um árangur þeirra fjölbreyttu orkusparnaðar- og orkuskiptaaðgerða sem hefur þegar verið farið í og er verið að framkvæma. Miðlunin verður á sérstakri vefsíðu á vegum Vistorku þar sem aðgerðum/framkvæmdum verður lýst og árangur sýndur í tölum. Einnig er markmiðið að setja upp upplýsingaskilti við flugvöllinn og höfnina þar sem verkefninum er lýst á veggspjaldi með korti þar sem hvert verkefni er merkt inn og útskýrt.

VERKEFNI - ÁBYRG EYJAFERÐAÞJÓNSUTA Í GRÍMSEY

UMSÆKJANDI: HÁSKÓLINN Á HÓLUM
UPPHÆÐ STYRKS 1.800.000 KR

Markmið verkefnisins er að kanna hver ímynd Grímseyjar er í hugum íbúa og annarra sem hafa áhuga og tengjast eyjunni með einhverjum hætti. Gert verður stöðumat og það skoðað hvernig ábyrg eyjaferðaþjónusta (e. Island Tourism) hæfir þeirri ímynd og geti þjónað hagsmunum og framtíðarsýn íbúa og þar með styrkt jákvæða þróun byggðar og samfélags í Grímsey.

VERKEFNI - SUMARSÓLSTÖÐUR Í GRÍMSEY

UMSÆKJANDI: KVENFÉLAGIÐ BAUGUR
UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Markmið verkefnis er að halda bæjarhátíð í tilefni af sumarsólstöðum í Grímsey, Sólstöðuhátíð og bjóða gestum og gangandi að taka þátt í hátíðarhöldum með eyjaskeggjum. Hátíðin verður haldin dagana 17. - 19. júní 2022. Kvenfélagið Baugur stendur fyrir hátíðinni. Hátíðin hefur verið haldin um árabil. Hún er í stöðugri þróun og vonast er til að hún festi sig enn frekar í sessi meðal viðburða á landinu.

VERKEFNI - GRÍMSEY DESIGN

UMSÆKJANDI: MAYFLOR PEREZ CAJES

UPPHÆÐ STYRKS 800.000 KR

Markmið verkefnisins er að halda áfram að þróa vörur Grimsey Design og markaðssetja. Í verkefninu er ætlunin að þróa aðferð til að styrkja svartfuglsegginn sem notuð eru í lampa, endurhanna umbúðir fyrir lampana og hanna vörur úr svartfuglseggjum sem brotna. Auk þess að endurnýja tækjabúnað sem notaður er við að vinna egginn.

VERKEFNI - STARFS- OG VINNUAÐSTAÐA

UMSÆKJANDI: KVENFÉLAGIÐ BAUGUR

UPPHÆÐ STYRKS 1.600.000 KR

Markmið verkefnis er að breyta leikskólanum í Múla í huggulega skrifstofuaðstöðu með aðstöðu fyrir allt að fjóra og markaðssetja hana. Um tilraunaverkefni er að ræða. Tilgangurinn er að fjölga störfum og auka fjölbreytni atvinnulífs. Í nýju starfsaðstöðunni verður boðið upp á pláss fyrir aðila sem hafa fasta búsetu í eyinni eða dvelja þar tímabundið. Horft er til aðila sem vinna störf án staðsetningar, einyrkja, frumkvöðla, rithöfunda og fræðimanna.

VERKEFNI - MENNINGARMÍÐSTÖÐ: HÖNNUN OG UPPBYGGING

UMSÆKJANDI: HELLUGJÖGUR

UPPHÆÐ STYRKS 4.630.000 KR

Markmið verkefnis er að breyta gömlum stríðsbragga og öðrum húsum sem eru sambyggð honum og hafa gegnt hlutverki vélaverkstæðis síðustu 20 ár í fjölnota menningarhús. Verkefnið felur í sér að fullhanna húsin, fullleinangra minni húsin og gera lágmarksviðgerðir á bragganum til að forða honum frá skemmdum. Um er að ræða fyrsta áfanga verkefnisins.

VERKEFNI - HREINSUNARÁTAK

UMSÆKJANDI: VÉLAVERKSTÆÐI SIGURÐAR BJARNASONAR

UPPHÆÐ STYRKS 600.000 KR

Markmið verkefnisins er að ljúka við að flokka og flytja allt brotajárn, rusl og spilliefni Vélaverkstæðis Sigurðar Bjarnasonar í land. Vélaverkstæðið hefur þjónað fyrirtækjum í Grímsey undanfarna áratugi en er nú að færa starfsemi sína til Akureyrar.

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR GLÆÐUM GRÍMSEY

2021 - 2022